



Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 23. maí 2016

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun og fjármálastefnu fyrir árin 2017 til 2021, mál nr. 740 og 741.

Samtök iðnaðarins fagna því að nú komi fram þingsályktunartillaga sem miðar að því að koma framkvæmd fjármála ríkisins í betri og skýrari farveg, auka aga og styðja við stöðugleika í efnahagslífinu. Er þetta gert á grundvelli laga nr. 123/2015 um opinber fjármál sem tók gildi í upphafi árs.

Fjármálastefnan fjallar um almenn markmið í þróun opinberra fjármála á grundvelli langtíma þjóðahagsspár Hagstofu Íslands. Í fjármálaáætluninni er hins vegar að finna ýtarlega útfærslu á fjármálastefnunni þar sem ýtarlegur rammi á fjármálum einstakra málaflokka er lagður fram.

Samtök atvinnulífsins gera umsögn um fjármálaáætlun og fjármálastefnu og beina máli sínu einkum að heildarramma opinberra útgjalda. Benda SA á að samkvæmt áætluninni vaxi heildarútgjöld í takt við vöxt landsframleiðslunnar á sama tíma og hagvöxtur sé mikill. Áætlunin feli í sér að árlegur raunvöxtur frumútgjalda vaxi um að jafnaði 3% á ári næstu fimm árin eða 14-19 milljarða útgjaldaaukning á hverju ári.

Samtök iðnaðarins taka undir öll meginatriði umsagnar SA og telja mikilvægt að í uppsveiflunni, sem ekki eru horfur á að minnki á næstu árum, að ríkið haldi sig til hlés í samkeppni um vinnuafli og stuðli þannig að betra jafnvægi í þjóðarþúskapnum. Rétt er að hafa í huga að aðstæður í efnahagslífi Íslands geta breyst mjög hratt og því æskilegt nýta góðæri eins og kostur er til að lækka skuldir og bæta efnahag ríkissjóðs.

Hagvöxtur síðustu ára hefur öðru fremur verið knúinn áfram af vexti utanríkisviðskipta en nú eru ákveðin umskipti að eiga sér stað þar sem vöxturinn er einkum drifinn af vexti einkaneyslu og fjárfestingum. Er minnkandi vægi utanríkisviðskipta ekki síst vegna aukins styrks krónunnar og versnandi samkeppnisskilyrða útflutnings- og samkeppnisgreina. Full ástæða er til að hafa áhyggjur af þessari þróun.

Þrátt fyrir að samtökin telji mikilvægt að halda aftur af útgjaldaaukningu hins opinbera er ekki hægt að horfa framhjá brýnni þörf í einstökum málaflökkum. Eitt af þeim atriðum sem Samtök iðnaðarins hafa sérstakar áhyggjur af er hversu lágt opinbert fjárfestingastig hefur verið um langt árabíl. Afleiðingar þess er að innviðir rýrna en það dregur úr samkeppnishæfni samfélagsins. Staðan í þessum efnum er alls ekki nógu góð. Sem dæmi má nefna að fjárfesting í vegakerfinu hefur að jafnaði verið nærri 2% af landsframleiðslu en hefur í nokkur ár verið innan við helmingur af langtímameðaltali. Færa má rök fyrir því að uppsöfnuð fjárfestingaþörf í vegakerfinu einu og sér á síðustu 5-6 árum nemi um 60 milljörðum. Þá er ótalin margvísleg önnur innviðafjárfesting sem hefur látið á sér standa. Í ljósi þess hversu þörfin er brýn og hversu langan tíma tekur að undirbúa slík verkefni er mikilvægt að hefja slíkan undirbúning og búa þannig um hnútana að forgangsverkefni séu tilbúin til framkvæmda. Nákvæma tímasetningu framkvæmda er nauðsynlegt að ákvarða í takt við undirliggjandi horfur sem fram koma í fjármálastefnunni.



Ennfremur leggja samtökin áherslu á að í þessu samhengi verði möguleikar á fjölbreyttari fjármögnun innviðafjárfestinga í samstarfi opinberra aðila og einkaaðila nýttir.

Samtökin vilja ítreka þá skoðun sína að mikilvægt sé að áform um frekari lækkun á tryggingagjaldi á árunum 2017 og 2018 nái fram að ganga. Tryggingagjald lækkar um 0,5 prósentur þann 1. júlí skv. nýju frumvarpi um breytingar á sköttum og gjöldum, mál nr. 667. Samtökin bentu á í umsögn sinni að eðlilegt væri að lögfesta lækkun fyrir árin 2017 og 2018 um 0,5 prósentur líkt og yfirlýsing ríkisstjórnar frá janúar sl. gaf til kynna í tengslum við gerð kjarasamninga. Í fjármálaáætluninni er fátt sem gefur til kynna að til standi að lækka gjaldið með þeim hætti. Að mati samtakanna er ekki nóg að stjórnvöld „hyggist beita sér fyrir frekari lækkun tryggingagjalds á komandi árum.“ Eðlilegt hefði verið að lækkun gjaldsins 2017 og 2018 yrði lögfest eða í það minnsta á langtímaáætlun í ríkisfjármálum.

Að lokum vilja samtökin minna á að meginstefin í stefnu þeirra miðar að því að efla samkeppnishæfni, styðja við nýsköpun, auka framleiðni og bæta menntun. Það sem einna helst vekur áhyggjur í þróun efnahagslífsins síðustu misserin er að framleiðni vinnuafls hefur ekki vaxið nægjanlega og jafnvel staðið í stað. Til lengri tíma litið er það brýnasta hagsmunamál okkar allra að auka framleiðni vinnuafls og treysta þannig undirstöður samfélagsins. Í því samhengi er mikilvægt að treysta nýsköpunarumhverfið líkt og stuðlað er að í nýju lagafrumvarpi um stuðning við fjármögnun og rekstur nýsöpunarfyrirtækja, mál nr. 668. Samtökin vilja ítreka tillögur sínar sem fram koma í umsögn þeirra um málið en þær styðja allar við markmið um aukna framleiðni. Einnig leggja samtökin áherslu á að stutt verði eins og kostur er við menntun, einkum verk- og tæknimenntun.

Af þróun efnahagslífsins síðustu misserin og horfunum framundan er það krefjandi áskorun að treysta stöðugleika. Ný framkvæmd opinberra fjármála með fjármálaáætlun og fjármálastefnu styður við það en vægi hins opinbera þyrfti að minnka á þenslutímum. Hins vegar má ekki missa sjónar á mikilvægi þess að treysta framleiðnivöxt til lengdar og samkeppnishæf starsfsskilyrði.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka iðnaðarins

Bjarni Már Gylfason
Hagfræðingur SI